



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Skagaströnd 18. september 2020

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. **(veiðistjórni grásleppu o.fl.):**

Sveitarfélagið Skagaströnd lýsir mikilli andstöðu við hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu komi slík framkvæmd til þess að rýra möguleika á nýliðun innan greinarinnar. Á Skagaströnd hefur útgerð smábáta eflst á undanförrnum árum. Heimamenn hafa stofnað fyrirtæki og fjárfest í kvótalausum smábátum. Grundvöllur fyrir rekstri þessara fyrirtækja hefur byggst á strandveiðum, úthlutuðum byggðakvóta og í mörgum tilfellum veiðum á grásleppu. Útgerðaraðilar sem nýlega hafa fjárfest í grásleppuleyfum munu í flestum tilfellum ekki njóta þeirrar veiðireynslu sem hefur verið aflað á tiltekið leyfi miðað við þær breytingartillögur sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og munu því koma mjög illa út úr vanhugsuðum aðgerðum við kvótasetningu tegundarinnar.

Kvótasetning grásleppu með frjálsu framsali veiðiheimilda og tilheyrandi samþjöppun innan greinarinnar kæmi því til þess að veikja atvinnulíf þar sem síst skyldi.

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar

ALEXANDRA JOHANNESDÓTTIR
Sveitarstjóri

Alexandra Johannesdóttir
Sveitarstjóri